

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
29. fundur þriðjudaginn 30. júní 2020 kl. 11:45-12:50
Nefndasvið Alþingis (fjarfundur)

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þórir Haraldsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Áhættumat fyrir rafræna kjörskrá.

Áhættumatið er í vinnslu hjá Þjóðskrá Íslands.

2. Athugasemdir úr samráðsferli.

Starfshópurinn hélt áfram að fara yfir athugasemdir sem bárust um frumvarpstíllögurnar frá þingflokki og úr opnu samráðsferli. Á fundinum var rætt um og farið yfir vinnuskjal með athugasemdum og tillögum að úrlausn.

3. Skilabréf.

Orðalag skilabréfs var samþykkt. Ákveðið að bæta við nokkrum setningum um áhættumat rafrænnar kjörskrár.

4. Skil starfshópsins.

Allt er til reiðu fyrir skil starfshópsins fyrir utan áhættumat rafrænnar kjörskrár. Ákveðið að senda forseta Alþingis frumvarpið en bíða með formleg skil starfshópsins ásamt skilabréf þar til áhættumat rafrænnar kjörskrár liggur fyrir.

Fundi slitið kl. 12.50.